



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/745
komudagur 23.12.2013

Reykjavík, 23. desember 2013

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni þess að draga úr plastpokanotkun, 102. mál.

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu senda sameiginlega umsögn um þingsályktunartillöguna. Samtökin benda á að í greinargerð með þingsályktunartillögunni er sagt: „Það er alkunna að plastpokar og aðrar plastumbúðir utan um matvæli og efnavörur hafa skaðleg áhrif á umhverfið.“ Það er vissulega rétt að plastumbúðir hafa umhverfisáhrif, rétt eins og öll önnur framleiðsla og neysla. Samtökin vilja þó benda á að horfa verði á málið heildstætt og ekki einblína á eina vöru og einn þátt vistferils hennar.

Mikilvægt er að horfa til heildarumhverfisáhrifa vöru þegar opinberir aðilar ákveða að beita stjórnsýsluaðgerðum til að stýra neyslu í þágu umhverfisverndar. Þröngt sjónarhorn, t.d. ef eingöngu er horft til síðasta hluta lífsferils, getur orðið til þess að litið er fram hjá umhverfisáhrifum sem falla af meiri þunga fyrr í lífsferlinu svo sem við framleiðslu eða flutninga. Einnig þarf að bera vöruna saman við staðgengilsvöru, þ.e. að meta hvað kemur í staðinn. Í skýrslu Umhverfisstofnunar Bretlands frá árinu 2011¹ er fjallað um niðurstöður vistferilsgreiningar á burðarpokum. Skoðaðir voru nokkrar gerðir plastpoka, bréfpoka og taupoka. Í öllum tilfellum eru umhverfisáhrif langmest vegna hráefnanotkunar og framleiðslu. Flutningar og förgun hafa minniháttar áhrif. Fyrir allar gerðir af pokum er lykilinn að því að minnka umhverfisáhrif sá að endurnota pokann eins oft og hægt er, hvort sem er til sömu nota, þ.e. innkaupa, eða sem ruslapoka. Nota þarf pappírspoka 3 sinnum og taupoka 131 sinnum til að gróðurhúsaáhrif séu minni en vegna hefðbundinna plastpoka. Sé plastpokinn endurnotaður þarf að endurnota pappírs- og taupokann enn oftar til að skila sömu niðurstöðu. Bandarískt ráðgjafafyrirtæki kemst að svipaðri niðurstöðu, hefðbundnir plastpokar hafi marga kosti fram yfir aðrar tegundir poka sem skoðaðir voru².

Árið 2009 rannsakaði austurríska stofnunin Denkstatt AG³ hver væri afleiðing þess ef engar plastumbúðir væru til staðar. Horft var til evrópska markaðarins og var stuðst við aðferðafræði vistferilsgreiningar. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að án plasts myndi magn sorps 3,7 faldast (370%). Myndun gróðurhúsalofttegunda myndi aukast um 61% og orkunotkun tengd plastefnunum á líftíma þeirra myndi aukast um 57%. Mikilvægt er að horfa á áhrif plastefna á

¹ Dr. Chris Edwards and Jonna Meyhoff Fry, 2011. Life cycle assessment of supermarket carrier bags: a review of the bags available in 2006. Environment Agency, Bristol

² Boustead Consulting & Associates, 2007. Life Cycle Assessment for Three Types of Grocery Bags – Recyclable plastic; Compostable, Biodegradable Plastic; and Recycled, Recyclable Paper

³ Harald Pilz, Bernd Brandt and Roland Fehring, 2010. The impact of plastics on life cycle energy consumption and greenhouse gas emissions in Europe. Denkstatt.

umhverfið heildstætt en að þá kemur í ljós að þessi efni skipta miklu máli til að ná markmiðum sem mörg lönd setja sér í umhverfismálum .

Samtökin hvetja til þess að við úttekt á hagkvæmni þess að draga úr plastpokanotkun verði þess að gætt að afleiddar aðgerðir eða tillögur feli ekki í enn frekari álögur á verslun og þjónustu og um leið á neytendur. Samtökin benda á að nú er starfandi svonefndur Pokasjóður en í hann rennur gjald vegna plastpoka. Hlutverk gjaldsins er að draga úr óhóflegri notkun plastpoka og um leið er sjóðurinn nýttur til að styrkja verkefni sem heyra undir almannaheill. Má þar nefna umhverfismál, menningarmál, listir, íþróttir og mannúðarmál. Þátttaka í sjóðnum er valfrjáls en stærstu verslunardeður landsins ásamt minni fyrirtækjum kjósa að vera með. Til upplýsinga má nefna að umhverfisráðherra hefur vísað til starfsemi sjóðsins vegna fyrirspurnar um aðgerðir til að draga úr notkun plastpoka og má ráða af svári ráðherra að ekki stæði til að grípa til annarra aðgerða á því sviði, sbr. þskj/þskj. 1014, 441. mál, á 139. löggjafarþingi. Til frekari upplýsinga hefur Pokasjóður þegar úthlutað yfir 1.200 milljónum króna til einstakra verkefna frá árinu 1995. Samtökin vekja athygli nefndarinnar á starfsemi sjóðsins og hvetja um leið að þetta góða starf hans verði eflt og unnið verði með versluninni á grunni frjálsrar þátttöku komi til frekari aðgerða af hálfu hins opinbera að draga úr notkun á plastpokum.

Mikilvægt er að mati samtakanna að tekið verði tillit til frumkvæðis innlendra aðila við að draga úr notkun á plastpokum og þeim verði ekki íþyngt óhóflega með frekari aðgerðum til að draga úr slíkri notkun, hvort sem það er með frekari opinberum álögum eða öðrum fjárhagslegum kvöðum. Í því samhengi benda samtökin á að nú þegar er greitt opinbert gjald af umbúðum, sbr. úrvinnslugjald, en það gjald fellur einnig á plastumbúðir. Þess ber að geta að þessi skoðun samtakanna á sér samhljóm í athugasemdum hagsmunaaðila innan ESB þar sem tekið er undir mikilvægi þess að tryggja hófsama notkun á plastpokum og um leið að þeim aðilum sem þegar hafa tekið af skarið af eigin frumkvæði sé umbunað fyrir slíkt frumkvæði.⁴

Samtökin leggja áherslu á að horft sé heildstætt til bættar nýtingar auðlinda, endurnýtingar og endurvinnslu. Söfnun og endurvinnsla úrgangs er lykilatriði í þessu sambandi. Mikilvægt er að tryggja gott kerfi á við söfnun úrgangs. Ef skoða á þjóðhagslega hagkvæmni er æskilegt að skoða einnig hagkvæmni þess að koma á betra hringrásarkerfi og vinnslu (þvotti) innanlands sem eykur endurvinnslu og minnkar innflutning. Íslenskir framleiðendur geta nýtt hráefnið þannig og eru að flytja inn endurunnið plast, sem væntanlega er að hluta til búið að flytja frá Íslandi til endurvinnslu.

Virðingarfyllst,



F.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

⁴ Fréttatilkynning EuroCommerce, dags. 4. nóvember 2013. Lightweight Plastic Carrier Bags: proposed Directive should also focus on improved collection rates and recyclability.